

# Lög

**um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.**

---

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda varasjóð sem samsvarar rekstrarafgangi umfram áætlun. Eigið fé sem haldið hefur verið eftir skv. 1. málsl. skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark eigin fjár sem heimilt er að halda eftir samkvæmt þessari málsgrein er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs. Heimilt er að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarástofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánavirktækni og rafeyrisvirktækni skulu greiða 0,00712% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,382% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,073% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,009% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hlut endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,147% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrktækni skulu greiða 0,05% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr. Verðbréfamíðlanir skulu greiða 0,05% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,01021% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,63% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.

6. Lifeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,0083% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 525.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 840.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.470.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.740.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrあと milljarða króna og 3.160.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,86% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,022% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr. Íbúðaláanasjóður skal greiða 0,00203% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

Útbú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að %<sub>10</sub> hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða  $\frac{1}{5}$  hluta eftirlitsgjalds, samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarástofna í þúsundir króna.

### 3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill eftirlitsskyldur aðili ekki una ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds, og ákvörðun um greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, sbr. 7. gr., og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan eins mánaðar frá því að aðila var gerð grein fyrir álagningunni með bréfi Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki innheimtuaðgerðum Fjármálaeftirlitsins né heimildum til aðfarar vegna krafna. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um álagningu eftirlitsgjalds verður ekki skotið til ráðherra.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda varasjóð í samræmi við ákvæði 1. gr. verði rekstrarafgangur á árinu 2006 umfram áætlun.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. desember 2006.*